

**Mál nr. 123/2020****M og  
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón af völdum umferðarslyss. Frávísun.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.3.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.4.2020, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 14 júní 2017 varð M fyrir líkamstjóni sem taldist bótaskyld úr ábyrgðartryggingu tiltekinnar bifreiðar sem var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V. Með sameiginlegri matsbeiðni M og V var aflað matsgerðar lækni og lögfræðings. Samkvæmt matsgerð þeirra, dags. 17.ágúst 2019, var komist að þeirri niðurstöðu að heilsufar M hafi verið orðið stöðugt 14. september 2017, tímabundin óvinnufærni hafi verið 100% tímabilið 15. júní 2017 til 14. september sama ár, varanlegur miski væri þrjú sig og varanleg örorka engin.

Líkamstjón M var gert upp 10. október 2019 úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá V með fyrirvara sem m.a. laut að bótum fyrir tímabundið atvinnutjón sem að áliti V taldist ósannað. Sagði í fyrirvaranum að M muni leita réttar síns vegna tímabundins atvinnutjóns sem hann telji sannað með fyrrgreindri matsgerð.

Samkvæmt málskoti kveður M að hann hafi hætt störfum hjá vinnuveitanda sínum í kjölfar slyssins. Hann hafi fengið greidd laun fyrir júní frá vinnuveitanda sínum en frekari greiðslu hafi hann ekki fengið á tímabili óvinnufærni. Þá segir í málskoti að samkvæmt ráðningarsamningi og launaseðlum hafi M fengið greitt fyrir tímavinnu en ekki verið með föst mánaðarlaun. Því geti verið álitamál við hvaða laun eigi að miða.

V kveður ósannað að M hafi orðið fyrir fjártjóni á umræddu tímabili auk þess sem hann hafi ekki takmarkað tjón sitt með því að krefjast kjarasamningsbundinna launa hjá vinnuveitanda meðan hann taldist óvinnufær. Þá hafnar V því að nefndin fjalli í máli þessu um ágreining er varðar bótafjárhæðir.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B deild Stjórnartíðinda, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Jafnframt segir í 2. mgr. sömu greinar að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki fjallað efnislega um ágreining aðila nema tekin verði afstaða til þeirra fjárhæða sem M gæti átt rétt á vegna tímabundins atvinnutjóns það tímabil sem hann taldist vera óvinnufær. Með því að V hefur ekki fallist á að fjallað verði um bótafjárhæðir í máli þessu heyrir ágreiningurinn ekki undir starfssvið nefndarinnar. Þegar af þeirri ástæðu og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktanna er máli þessu vísað frá.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 5. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.